

2. fundur nefndar um málefni fatlaðra var haldinn í Ráðhúsinu 19.04.2011 kl. 17:00

Mætt voru: Hanna Jónsdóttir, Hafrún Guðmundsdóttir, Bogi Thorarensen, Davíð Hafsteinsson, Sigríður Gísladóttir, Svanborg Siggeirsdóttir og Hafdís Bjarnadóttir sem ritaði fundargerð. Margrét Ísleifsdóttir boðaði forföll.

Hanna setti fund kl. 17 og bauð nefndar og varamenn velkomna.

Dagskrá:

1. Hlutverk nefndarinnar
2. Brýnustu verkefni
3. Framtíðarsýn
4. Önnur mál

1.

- Hlutverk nefndarinnar er að huga að velferð fatlaðra á leið þeirra frá vöggu til grafar, og að sjá til þess að staðið sé við ákvarðanir og þeim fylgt eftir til loka.
- Sjá til þess að fötluðum sé sýnd virðing í leik og starfi og að þeim sé úthlutað hið fyrsta húsnæði við hæfi og að þjónustunni sé stýrt af fagaðila/Þroskaþjálfara.

2.

- Koma á heilsarsþjónustu í viðunandi húsnæði og telja nefndarmenn að gamli skólastjórabústaðurinn sé afar hentugur undir þessa þjónustu.
- Koma á laggirnar starfsstöð í varanlegu húsnæði og gera starfsstöðina og það sem þar fer fram sýnilega í samfélaginu.
- Ráða Þroskaþjálfara á heilsarsgrundvelli til að sjá um þjónustuna.
- Fara yfir ferlimál almennt í bænum . Mikilvægt að útbúa klefa í sundlauginni fyrir fatlaða þar sem þeir geta tekið aðstoðarmenn með sér án tillits til kynferðis, t.d maki eða foreldri af gagnstæðu kyni.
- Brýnt að fara að huga að búsetumálum og telja nefndarmenn að á miðað við núverandi stöðu geti íbúðir í blokkinni hentað ágætlega, en einnig þurfi að setja framtíðarsýn um búsetu bæði hvað varðar íbúðarsambýli og styrkta búsetu.

3.

- Að starfstöðin starfræki verslun , helst í samvinnu við Rauða krossinn og þar væru til sölu vörur sem starfsmenn hafa unnið frá grunni, endurunnið úr nytjagámi og eigin framleiðslu t.d eigin ræktun ofl.

4.

- Svanborg greindi frá mögulegri aðkomu Vaxtarsamnings Vesturlands að fyrirfram ákveðnum verkefnum, sem og Efling.
- Fá flokkunartunnur í kirkjugarðinn, en með því gæti starfstöðin endurunnið kertaafganga.

- Möguleiki á samvinnu við Snæfell varðandi dósir.
- Mikilvægt að koma hugmyndabanka fyrir í Ráðhúsinu sem og að setja hugmyndaflipa inn á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.
- Senda Bæjarstjórn erindi um brýn verkefni.
- Rætt um hvort boða eigi varamenn á alla fundi eða bara eftir þörfum, og var niðurstaðan sú að boða þá þegar talið er viðfangsefni fundarins njóti góðs af mörgum sjónarmiðum.
- Á næsta fundi ætlar Hafrún að kynna fyrir nefndinni lokaverkefni sitt um atvinnumál á norðanverðu Snæfellsnesi.

Rætt um að athuga með að fastsetja fundartíma síðasta mánudag hvers mánaðar kl. 17:30, að hásumrinu undanskildu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:40

Hanna Jónsdóttir (sign.),

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir (sign.),

Hafdís Bjarnadóttir (sign.),

Bogi Thorarensen Bogason (sign.),

Sigríður Gísladóttir (sign.),

Svanborg Siggeirsdóttir (sign.),

Davíð Hafsteinsson (sign.)